

Skógarvörðurinn á Norðurlandi:

STARFSSKÝRSLA FYRIR ÁRIÐ 1932.

Þorsteinn Davíðsson.

Starfsskýrsla skógarvarðarins á Norðurlandi fyrir árið 1932.

---

S k ó g a r h ö g g:

---

Í Vaglaskógir hefir verið höggvið á árinu:

Eldiviður til sölu	110	hestburðir
Eldiviður skógarvarðar	120	"
Efniv., tróð og millist.	16	"
Selt skógarhöggsleyfi	265	"
	<u>511</u>	hestburðir

Mest hefir verið höggvið ofanvert við efri skógarbraut milli girðingar og Merkjagrófar og sunnan og neðan við Kumblaflöt. Til heimilisnota á Vöglum hefir verið haldið áfram að grisja sunnan við Skökkulág ofantil. Einnig hafa verið höggvin göng suður og niður frá Vöglum að Langhöfða utan við Klettlæk og þar niður að á.

Í Sigríðarstaðaskógi voru höggvir 16 hestburðir.

G r æ ð i r e i t u r:

---

Afhent var úr reitnum:

Birki	1706	stk.
Reynir	1526	-
Alls	<u>3232</u>	stk.

Dreifplantað var s. l. vor 450 plöntur birki og 880 pl. reynir. Sáð var í græðireit 3/4 kg. birkifræ og 5 lítr. reynifræ.

Nýja skuggaramma þarf nauðsynlega að fá til græðireitsins fyrir sáðtíma í vor, þar eð þeir sem til eru mega heita ónothæfir. Reynifræ vonast ~~xxx~~ ég einnig eftir að þér sendið í vor eins og þér hafið talað um. Af reyniplöntum er ekkert til í fræbeðum nú og fremur lítið af birkiplöntum. Er því hætt við að plöntuskortur verði næstu ár. Ef til vill væri hægt að fá fræplöntur frá Hallormsstað til að gróðursetja hér. Er ekki rétt að reyna það?

Ý m i s l e g t:

---

Akfært hefir verið gert meiri hluta af leiðinni sem opnuð suður og niður gegn um skóginn.

Safnað var 52 1/2 kg. af birkifræi sem vóg þurkað og hreinsað 42. Af þessu hefi ég þegar sent yður 15 kg. með e. s. Goðafossi 26. þ. m. Pöntun hefi ég fengið í 14 kg. af birkifræi, sem ég mun þá afgreiða í vor. Afgreitt var 14 kg. af birkifræi.

Loftið í vesturstofunni var strigalagt og málað og einnig gluggar á báðum stöfum málaðir, og veggir fóðraðir.

Með vinsemd og virðingu,

Akureyri 29. jan. 1933.

Þorsteinn Davíðsson.